

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um greiðsluaðlögun einstaklinga.

- 1. Hvers vegna hefur ráðherra ekki enn sett reglugerð um greiðsluaðlögun einstaklinga eins og mælt er fyrir um í 34. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010?*

Í 34. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð að fenginni umsögn umboðsmanns skuldara þar sem m.a. skuli kveða á um starfsemi umsjónarmanna og samræmda framkvæmd greiðsluaðlögunar. Reglugerðarheimildin var sett inn í löginn þegar umsjónarmenn voru lögmenn víðs vegar um landið. Þróunin hefur hins vegar orðið sú að nú eru umsjónarmenn lögfræðingar sem starfa hjá embætti umboðsmanns skuldara. Staða umsjónarmanna er því ólík því sem áður var og þörfir fyrir reglugerð um starfsemi umsjónarmanna og samræmda framkvæmd greiðsluaðlögunar ekki lengur fyrir hendi með sama hætti og var þegar reglugerðarheimildin kom til.

Ráðuneytið leitaði afstöðu umboðsmanns skuldara til fyrirspurnarinnar og með tilliti til upplýsinga sem fram komu hjá embættinu er talið farsælla að áhersla verði lögð á það við fyrirhugaðar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga að ákvæði um umsjónarmenn verði gerð ítarlegri og skýrari. Jafnframt er mikilvægt að ákvæði laganna um framkvæmd greiðsluaðlögunar verði gerð skýrari við endurskoðunina.

- 2. Hver er staða endurskoðunar laga um greiðsluaðlögun einstaklinga sem kom fram í svari þáverandi ráðherra á þskj. 781 á 148. löggjafarþingi að hefði verið ákveðið að taka þráðinn upp við á ný eftir tafir vegna tíðra stjórnarskipta þar áður?*

Undirbúnингur að endurskoðun laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er hafinn í ráðuneytinu og verður endurskoðunin gerð í samstarfi og samráði við embætti umboðsmanns skuldara. Stefnt er að því að frumvarp til breytinga á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga verði lagt fram á 154. löggjafarþingi.

- 3. Hyggst ráðherra hafa samráð við hagsmuna aðila við endurskoðun laga um greiðsluaðlögun einstaklinga og ef svo er, hverja?*

Eins og fram kemur í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar fer endurskoðun laganna fram í samráði við embætti umboðsmanns skuldara. Við frumvarpsgerð er almennt víða leitað fanga og m.a. óformlegt samráð haft við aðrar opinberar stofnanir sem tengjast því málefni sem til skoðunar er hverju sinni. Ráðuneytið hefur því samráð við ýmsa aðila, opinbera og aðra, eftir því sem nauðsyn og tilefni er til hverju sinni.

Frumvarp til breytinga á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga verður lagt fram í opíð samráð í samráðsgátt stjórnvalda þannig að hver sem vill hafi tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið eða koma með ábendingar um efni þess.

4. Hversu margir hafa sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga frá og með árinu 2019 og hverjar hafa verið lyktir mála þeirra, sundurlíðað eftir því hvort umsókn var samþykkt eða synjað, hvort greiðsluaðlögun komst á eða ekki og afhvaða ástæðum samkvæmt tilteknum lagaákvæðum eða öðrum flokkunarlyklum?

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá umboðsmanni skuldara eru umbeðnar upplýsingar eftirfarandi:

Heildarfjöldi umsókna

Fjöldi umsókna um greiðsluaðlögun einstaklinga	2019	2020	2021	2022	Samtals
	349	294	180	175	998

Niðurstaða mála eftir árum

Niðurstaða	2019	2020	2021	2022	Samtals
Afturkallað	105	34	28	23	
Samþykkt	105	82	79	79	
Synjað	209	167	112	75	
	419	283	219	179	1.100
Samningar	2019	2020	2021	2022	Samtals
	77	88	57	65	287

Í 6. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er fjallað um aðstæður sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð. Í 1. mgr. er að finna ákvæði sem kveða á um skyldu umboðsmanns skuldara til að synja en í 2. mgr. er að finna ákvæði sem heimila synjun ef óhæfilegt þykir að veita heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

Synjunarákvæði	2019	2020	2021	2022
a-liður 1. mgr. 6. gr. lge.	10	4	3	2
b-liður 1. mgr. 6. gr. lge.	167	126	84	30
c-liður 1. mgr. 6. gr. lge.	1			
d-liður 1. mgr. 6. gr. lge.		1	1	
e-liður 1. mgr. 6. gr. lge.	2		1	2
a-liður 2. mgr. 6. gr. lge.	2			
b-liður 2. mgr. 6. gr. lge.	47	47	30	33
c-liður 2. mgr. 6. gr. lge.	46	41	25	22
d-liður 2. mgr. 6. gr. lge.	3	2	2	
e-liður 2. mgr. 6. gr. lge.	7	3	2	1
f-liður 2. mgr. 6. gr. lge.	43	44	26	17
g-liður 2. mgr. 6. gr. lge.	2	4	8	5
b-liður 12. gr. lge., sbr. 15. gr.		1		
Heildarfjöldi	209	167	112	75